

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Smaladrengrinn Davíð



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Lazarus

Aðlaggað af: Ruth Klassen

Alastair Paterson

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children

www.M1914.org

©2020 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.



Fyrir æva löngu síðan, á dögum Sáls,
konungs Ísraela, gættu Davíð og sjö
bræður hans fjár föðurs
síns.



Pótt hann væri yngstur, var Davíð
bæði sterkur og hugrakkur drengur,
sem elskaði og trúði á Guð. Hann
átti


heima í Betlehem.



Einu sinn kom ljón og rændi litlu lambi úr hjörðinni. Davíð réðst gegn urrandi ljóninu, bjargaði litla lambinu úr greipum þess, og drap ljónið.



Davíð vissi að Guð hafði
hjálpað honum.



Samúel, spámaður Drottins, var enn
dapur yfir því að Sál konungur skyldi
hafa brugðist Guði svo illa.
Drottinn ávitaði Samúel og
sagði: "Hvað ætlar þú að ..."



... vera lengi sorgmæddur Sál's vegna?
Nú sendi ég þig til Ísaí, því að ég hef
kjörið mér konung á meðal
sona hans." Ísaí var faðir
Daviðs.



Pó að Samúel vissi að Sál konungur mundi kannski drepa hann fyrir að leita að nýjum konungi, þá hlýddi spámaðurinn Guði.



Þegar Samúel kom
til Betlehem, leiddi
Ísaí sjö sona sinna
fyrir Samúel. Og
Samúel sagði við
Ísaí, "Drottinn
hefur ekki
kjörið þá."





Davíð, sá yngsti, var að gæta fjár. Þeir náðu í Davíð, og Drottinn sagði, "Stattu upp og smurðu hann, því þetta er sá hinn kjörni."



Þegar andi Drottins yfirgaf Sál,
þá sturlaðist hann.

Þjónar Sáls héldu
að góð tónlist
mundi hafa
góð áhrif á
hann.



Einn þeirra þekkti góðan
hörpuleikara. Hver
heldur þú að
hörpuleikarinn
hafi verið?
Jú, Davíð.




Hörpuleikur Davíðs hafði
góð áhrif á Sál og hjálpaði
honum að ná jafnvægi.
Sál fór þess á leit við
Ísaí að Davíð yrði um
kyrrt í þjónustu
konungs.



Og þegar Sál fékk
þunglyndis - eða
hræðsluköst sín,
spilaði Davíð fyrir
hann á hörpuna.
Þá leið honum
betur.



Eftir að Davíð hafði farið heim til sín, lenti Sál í miklum bardaga við Filista. Bræður Davíðs börðust í hersveitum Sáls. Ísaí sendi Davíð til vígstöðvana með nesti handa bræðrum sínum og til að sjá hvernig þeim gengi.



Risastór Filisti, Golíat að nafni,
hafði fyllt Ísraelsku hermennina af
hræðslu.



"Veljið ykkur mann, og sendið hann hingað til mín!" hrópaði Goliát.

"Sé hann fær um að berjast við mig og fella mig, munum við gerast

ykkar þrælar.




En ef ég felli hann, þá munuð þið
verða okkar þrælar og þjóna
okkur." Þegar Ísraelar
sáu risann,
skelfdust



þeir og
flúðu.



Þá sagði Davíð við Sál, "Lát ekki hugfallast hans vegna, þjónn þinn mun fara og berjast við þennan Filista." Sál vildi að Davíð klæddist herklæðum sínum og sverði. Þess í stað tók Davíð slöngvu sína sér í hönd og fimm hála steina úr gilinu.



Golíat hló við er hann sá að hinn ungi Davíð var ekki einu sinni í herklæðum.

“Ég mun gefa fuglum loftans og dýrum merkurinnar hold þitt.” hrópaði hann.




Davíð svaraði honum
og sagði. "Í dag mun
Drottinn gefa
þig í mínar
hendur, því
að bardaginn
er Drottins!"



Þá hljóp Davíð beint í átt til
Golíats. Á hlaupunum
slöngvði
hann einum
steininum
beint í enni
Golíats.
Golíat féll
til jarðar!



Davíð var fljótur til, greip hið
risastóra sverð Golíats, og hjó af
honum höfuðið. En þegar Filistar
sáu að Góliat var
dauður, urðu
þeir hræddir
um líf sitt,
og lögðu
á flóttu.




Sál konungi hafði gleymst að þetta
var sá sami Davíð sem fyrrum

hafði glatt hann með
hörpuleik sínum. Hann
setti Davíð yfir her
sinn - en fylltist öfund
er Davíð var
heiðraður

vegna
sigra
hans.




“Hvað skyldi hann nú ætla sér annað en völd mín?” hugsaði Sál. Svo Sál hafði augun með Davíð upp frá þessu.



Aftur, er þunglyndi sótti að Sál,
reyndi Davíð að hugga hann með
tónlist sinni. Þrisvar gerði


Sál
tilraun

til að kasta spjóti
sínu að Davíð.



Davíð slapp undan í öll skiptin. Sál
óttast Davíð, því hann vissi að
Drottinn var með

honum, en
hafði vikið
frá Sál.



En Jónatan, sonur Sáls, þótti
mjög vænt um Davíð sem
væru þeir bræður. Hann
varaði Davíð við og
sagði, "Sál faðir minn
ætla að
drepa þig,".



Þá flúði Davíð. Kona hans setti brúðu í rúm hans, og hjálpaði Davíð að síga niður úr glugga um miðja nótt. Þegar menn Sáls komu að leita hans að morgni,

var Davíð farinn.



Davíð varð að flýja langt í
burtu undan Sál.



En áður en hann flúði, gerðu Davíð
og Jónatan með sér sáttmála. Þeir
lofuðu hvor öðrum ævarandi
vináttu.



Tregafullir, kvöddust vinirnir tveir.
Davíð fór að leita sér staðar, þar
sem hann gæti dvalið óhræddur, og
falið sig fyrir hermönnum Sáls.



Smaladrengrinn Davíð

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,
er að finna í

Fyrri Samúelsbók 16-20

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

